

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 753/2002

frá 29. apríl 2002

um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, framsetningu og vernd tiltekinna vínafurða

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

f.t.h.)⁽⁸⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1608/2000⁽⁹⁾.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2585/2001⁽²⁾, einkum 53. gr. og 80. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. kafla V. bálks og VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 er mælt fyrir um reglur um lýsingu, heiti og framsetningu tiltekinna afurða sem falla undir þá reglugerð („vínafurðir“) og vernd tiltekinna upplýsinga og heita. Því skal samþykkja nákvæmar reglur um framkvæmd þessara ákvæða og fella úr gildi núverandi löggjöf á þessu sviði, nánar tiltekið reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3201/90 frá 16. október 1990 um nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á vínunum og þrúgusafa⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 885/2001⁽⁴⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3901/91 frá 18. desember 1991 um tilteknar nákvæmar reglur varðandi lýsingu og kynningu á sérstökum vintegundum⁽⁵⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/95 frá 13. mars 1995 þar sem settar eru nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínunum og loftblönduðum freyðivínunum⁽⁶⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1915/96⁽⁷⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 881/98 frá 24. apríl 1998 um nákvæmar reglur um verndun frekari hefðbundinna heita sem eru notuð á tilteknar tegundir gæðavíns framleitt í tilgreindum héruðum (gæðavin

2) Mælt er fyrir um tilteknar reglur um merkingu matvæla í tilskipun ráðsins 75/106/EBE frá 19. desember 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilgreint rúmmál tiltekins forpakkaðs vökva⁽¹⁰⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/676/EBE⁽¹¹⁾, tilskipun ráðsins 89/396/EBE frá 14. júní 1989 um merkingu sem auðkennir framleiðslulotur matvæla⁽¹²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/11/EBE⁽¹³⁾, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla⁽¹⁴⁾, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2001/101/EB⁽¹⁵⁾. Þessar reglur gilda einnig um vínafurðir nema kveðið sé skýrt á um annað í viðkomandi tilskipunum.

3) Reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu taka mið af þeirri reynslu sem fengist hefur við beitingu núverandi löggjafar um vínafurðir, sem og þeim reglum sem mælt er fyrir um í tilskipununum hér að framan. Einkum skulu reglurnar einfaldaðar eins og mögulegt er og gerðar læsilegri með því að samræma ákvæði fyrir mismunandi vöruflokka, jafnframt því að tillit sé tekið til þess að vörurnar eru ólíkar.

4) Reglugerð þessi skal vera í samræmi við markmið um verndun lögmætra hagsmuna neytenda og framleiðanda til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins og kynningu á framleiðslu gæðavöru eins og mælt er fyrir um í l. mgr. 47. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 345, 29.12.2001, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 309, 8.11.1990, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 128, 10.5.2001, bls. 54.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 368, 31.12.1991, bls. 15.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 56, 14.3.1995, bls. 3.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 252, 4.10.1996, bls. 10.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 124, 25.4.1998, bls. 22.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 185, 25.7.2000, bls. 24.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 42, 15.2.1975, bls. 1.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 398, 30.12.1989, bls. 18.

⁽¹²⁾ Stjtið. EB L 186, 30.6.1989, bls. 21.

⁽¹³⁾ Stjtið. EB L 65, 11.3.1992, bls. 32.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. EB L 310, 28.11.2001, bls. 19.

- Reglugerðin skal einnig standast kröfur 77. gr. reglugerðarinnar þannig að hægt sé, á sama tíma, að taka tilhlýðilegt tillit til markmiðanna sem sett eru fram í 33. gr. og 131. gr. sáttmálans og að einnig verði unnt að hafa til hliðsjónar þær skuldbindingar sem leiða af alþjóðasamningum sem eru gerðir í samræmi við 2. mgr. 300. gr. sáttmálans.
- 5) Rétt er að skýra hugtakið „merking“ í því augnamiði að afmarka hugtakið við þá þætti, sem snúa að framsetningu vínafurða, er varða eðli, gæði eða uppruna sjálfrar vörunnar.
 - 6) Til að aðstoða neytendur skal safna tilteknum lögboðnum upplýsingum á einn sýnilegan flöt á umbúðunum, ákveða hámarksþol við tilgreiningu á raunverulegum alkóhólstyrkleika og taka tillit til sérstakra einkenna viðkomandi vöru.
 - 7) Gildandi reglur um notkun kóða við merkingar hafa nýst vel og skal þeim viðhaldið.
 - 8) Vera má að einstaka vínafurðir séu ekki ætlaðar til beinnar neyslu. Því er rétt að aðildarríkin fái heimild til að veita slíkum vörum undanþágu frá reglum um merkingar að því tilskildu að fullnægjandi eftirlitskerfi séu í gildi. Hið sama gildir um tilteknar tegundir gæðavína f.t.h. sem þroskast á flösku.
 - 9) Vera má að vínafurðir, sem fluttar eru út frá Bandalaginu, þurfi að uppfylla kröfur um merkingar í þriðju löndum eða að þeim þurfi að fylgja upplýsingar er gagnast neytendum í þessum löndum. Aðildarríki skulu því geta leyft að tiltekin heiti á merkimiðum séu höfð á öðrum tungumálum.
 - 10) Með reglugerð (EB) nr. 1493/1999 eru merkingar allra vínafurða samræmdar fyrirmynd þeirri sem þegar hefur verið sett fram fyrir freyðivín, með því að heimila notkun annarra heita en þeirra sem falla beint undir löggjöf Bandalagsins, að því tilskildu að þau séu nákvæm. Því skulu reglur um framkvæmd þessarar reglugerðar einnig samræmdar á sama hátt, með því að nota fyrirmynd þá sem hefur verið sett fram fyrir freyðivín, og það jafnframt tryggt að engin hætta sé á að þessum heitum verði ruglað saman við þau heiti er falla undir löggjöf Bandalagsins og að þau verði eingöngu notuð ef rekstraraðilar geta sannað nákvæmni þeirra ef hún er dregin í efa.
 - 11) Vegna réttaröryggis skulu gildandi skilgreiningar á „átappari“ og „átöppun“ haldast óbreytt og tekin upp skilgreining á hugtakinu „innflytjandi“.
 - 12) Notkun á hettum sem innihalda blý til að hylja lokunarbúnað umbúða sem innihalda vörur sem falla undir reglugerð (EB) nr. 1493/1999 skulu bannaðar til að koma í veg fyrir áhættu, í fyrsta lagi vegna mengunar, sérstaklega hvað varðar óviljandi snertingu við slíkar vörur, og, í öðru lagi, vegna umhverfismengunar frá úrgangi sem inniheldur blý frá slíkum hettum.
 - 13) Löng hefð er fyrir notkun á tilteknum flöskutegundum fyrir tilteknar vörur í Bandalaginu og þriðju löndum. Vegna þessarar langvarandi notkunar geta slíkar flöskur því minnt á sérstök einkenni eða tiltekinn uppruna vöru í hugum neytenda. Því skulu slíkar flöskur frátekna fyrir þau vín sem um er að ræða.
 - 14) Til að tryggja rekjanleika og eftirlit með vínafurðum skulu tilteknar upplýsingar á merkimiða endurteknar í skráningu og á fylgiskjólum, eins og kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2001 frá 24. apríl 2001 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar beitingarreglur varðandi fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum og skrár sem þarf að halda innan vingeirans ⁽¹⁾.
 - 15) Í reglugerð (EB) nr. 1493/1999 er kveðið á um skilyrði sem setja skal um notkun tiltekinna heita. Bandalagsreglur um sum þessara heita eru nauðsynlegar fyrir snurðulausa starfsemi innri markaðarins. Slíkar reglur skulu almennt byggja á gildandi ákvæðum. Að því er varðar önnur heiti skulu aðildarríkin setja reglur um vín sem eru framleidd innan yfirráðsvæðis þeirra, sem skulu vera í samræmi við reglur Bandalagsins, þannig að hægt sé að móta stefnu eins nálægt framleiðandanum og hægt er. Engu að síður þarf að tryggja gagnsæi slíkra reglna.
 - 16) Að því er varðar skyldubundnar upplýsingar um nafn átappara eða sendanda eða firmanafn hans og valfrjálsar upplýsingar um nafn, heimilisfang og starfsheiti eins eða fleiri aðila sem taka þátt á markaðssetningunni, skal verða lögboðið að tilgreina starfsheiti þessara aðila með því að nota hugtök eins og „vínræktandi“, „tínt af“, „heildsali“, „selt af“, „innflytjandi“, „innflutt af“, og önnur álíka hugtök, til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins og að ekki sé villt um fyrir neytendum.
 - 17) Heiti sem vísa til lífrænnar framleiðslu á þrúgum falla einungis undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á

(¹) Stjtið. EB L 128, 10.5.2001, bls. 32.

- landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2002 ⁽²⁾ sem þýðir að þau má nota fyrir allar vínafurðir. Ákvæði þessarar reglugerðar um upplýsingar varðandi framleiðsluaðferðir ná því ekki yfir þessi heiti.
- 18) Í Bandalaginu er löng hefð fyrir notkun og reglum um tiltekin heiti (önnur en upprunaheiti) til að lýsa gæðavína- og vínafurðum. Slík hefðbundin lýsing getur kallað fram í hugum neytenda framleiðslu- eða þroskunarferð eða gæði, lit eða vintegund eða tiltekinn atburð tengdan sögu vinsins. Til að tryggja sanngjarna samkeppni og til að komast hjá því að villa fyrir um neytendum skal mælt fyrir fyrir sameiginlegum ramma fyrir skráningu og verndun slíks hefðbundins orðalags.
- 19) Sakir einföldunar og gagnsæis skal samræma merkingar á líkjörvínunum og hálfreyðandi vínunum eins og mögulegt er, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þess hve vörurnar eru ólíkar, og nota aðferðina sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1493/1999 fyrir vín sem freyða ekki. Aðferðin við merkingar á öðrum vína- og vínafurðum skal samræmd á sambærilegan hátt, þó að sérstakt eðli þessara vara og markaðir þeirra krefjist enn frekari aðgreiningar, einkum að því er varðar lögboðnar upplýsingar.
- 20) Til að komast hjá því að villa fyrir um neytendum og forðast ósanngjarna samkeppni framleiðanda skal einnig samræma eins og hægt er reglur um merkingar á vína- og vínafurðum þriðju landa, sem eru í dreifingu innan Bandalagsins, þeirri aðferð sem mælt er fyrir um að því er varðar vína- og vínafurðir Bandalagsins. Þó skal taka tillit til mismunandi framleiðslukilyrða, hefða í vínframleiðslu og löggjafar í þriðju löndum.
- 21) Ákvæði þessarar reglugerðar skulu ekki hafa áhrif á sértækar reglur sem um er samið í samningum við þriðju lönd sem er gerður samkvæmt þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í 133. gr. sáttmálans.
- 22) Þegar hefur verið mælt fyrir um sértækar og ítarlegar reglur um merkingar á freyðivínunum í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999. Engu að síður skal mæla fyrir um tilteknar framkvæmdareglur til viðbótar.
- 23) Þegar mögulegt er skulu reglur um loftblönduð hálfreyðandi vín svara til þeirra reglna sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1493/1999 fyrir loftblönduð freyðivín, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þess hve vörurnar eru ólíkar.
- 24) Í 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 er kveðið á um ráðstafanir sem skal samþykkja til að auðvelda breytinguna frá fyrri löggjöf um vingeirann yfir í reglugerðina. Til að íþyngja ekki rekstraraðilum að óþörfu skal samþykkja ákvæði til að tryggja að setja megi vörur, sem merktar eru í samræmi við gildandi reglur, áfram á markað og að nota megi merkimiða sem prentaðir eru í samræmi við þær reglur á aðlögunartímabili.
- 25) Ákvæði 81. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 fellir úr gildi gildandi löggjöf ráðsins um vingeirann, þ.m.t. um þau atriði sem fjallað er um í þessari reglugerð. Til að breytingin gangi snurdulaust fyrir sig og framhald verði á gildandi fyrirkomulagi þar til lokið er gerð og samþykkt framkvæmdaráðstafana, er kveðið á um það í reglugerð (EB) nr. 1608/2000, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 699/2002 ⁽³⁾, að sum af ákvæðum ráðsins, sem eru felld úr gildi með 81. gr., muni gilda áfram á stuttu aðlögunartímabili. Með þeim breytingum á gildandi reglum, sem eru gerðar með þessari reglugerð, er þess krafist að aðildarríkin samþykki nokkrar framkvæmdaráðstafanir. Sum af ákvæðum ráðsins, sem falla úr gildi með 81. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999, gilda áfram á stuttu viðbótaraðlögunartímabili til að hæfilegur frestur gefist til að samþykkja þessar ráðstafanir og til að rekstraraðilar geti lagað sig að þessum nýju reglum. Reglugerð (EB) nr. 1608/2000 skal því felld úr gildi.
- 26) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skulu aðeins eiga við um þær afurðir sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 með fyrirvara um ákvæði reglugerðarinnar sem eiga við um aðrar vörur, einkum 2., 3. og 4. mgr. 52. gr. og C-þætti VII. viðauka og 3. lið I-þáttar VIII. viðauka við hana.
- 27) Stjórnarnefndin um vín hefur ekki skilað álitum innan þeirra tímamarka sem formaður hennar setti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 75, 16.3.2002, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 109, 25.4.2002, bls. 20.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

3. gr.

I. BÁLKUR**Framsetning á lögboðnum upplýsingum***SAMEIGINLEGAR REGLUR**1. gr.***Markmið**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um beitingu ákvæðanna sem er að finna í II. kafla V. bálks og VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, framsetningu og vernd tiltekinna afurða.

*2. gr.***Merking**

Orð, tákn og önnur merki skulu ekki vera hluti af merkingu eins og skilgreint er í inngangskafla VII. viðauka og 2. lið A-þáttar VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 ef:

- a) þeirra er krafist í framkvæmdarákvæðum aðildarríkjanna fyrir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB ⁽¹⁾,
- b) þau vísa til framleiðanda eða rúmmáls ílátsins og eru letruð á það beint og óafmáanlega,
- c) þau eru notuð við átöppunareftirlit. Í því tilviki mega aðildarríkin tilgreina eða viðurkenna kerfi sem sýnir átöppunardagsetningu á vínunum og þrúgumusti sem er átappað á þeirra yfirráðasvæði,
- d) þau eru notuð til að auðkenna afurðina með númeri og/eða skannanlegu tákni,
- e) þeirra er krafist samkvæmt ákvæðum aðildarríkjanna um tegunda- eða magnbundið eftirlit með afurðum sem falla undir kerfisbundna opinbera athugun,
- f) þau vísa til verðs vörunnar,
- g) þeirra er krafist samkvæmt skattaákvæðum aðildarríkjanna,
- h) þau falla ekki undir a- til g-lið hér að framan, tengjast ekki á nokkurn hátt lýsingu á eiginleikum viðkomandi vöru og falla ekki undir reglugerð (EB) nr. 1493/1999 eða þessa reglugerð.

1. Lögboðnum upplýsingum, sem um getur í A-þætti VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, skal safnað saman á sama sýnilega flöt á ílátunum og settar fram á auðlæsilegan hátt með óafmáanlegum og nægilega stórum stöfum til að þær sjáist vel á þeim fleti sem þær eru prentaðar á og skulu skýrt aðgreindar frá öllu öðru (skrifuðu og myndrænu) efni merkimiðans.

Þó mega lögboðnar upplýsingar innflytjanda og númer framleiðslueiningar vera utan hins sýnilega flatar þar sem aðrar lögboðnar upplýsingar koma fram.

2. Tilgreina skal raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, sem um getur í þriðja undirlíð 1. liðar A-þáttar VII. viðauka og d-lið 1. liðar B-þáttar VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, í heilum og hálfum prósentum. Með fyrirvara um vikmörk í tilvísunargreiningaraðferð sem beitt er má styrkleiki ekki víkja meira en 0,5% miðað við rúmmál frá niðurstöðum greiningar. Þó má alkóhólstyrkleiki gæðavína f.t.h., sem geymd eru á flösku í meira en þrjú ár, freyðivína, loftblandaðra freyðivína, hálfreyðandi vína, loftblandaðra hálfreyðandi vína og líkjörvína, með fyrirvara um vikmörk í þeirri tilvísunargreiningaraðferð sem er notuð, ekki víkja meira en 0,8% miðað við rúmmál frá niðurstöðum greiningar. Tölum skal fylgja merkingin „% miðað við rúmmál“ og á undan henni má setja orðin „raunverulegur alkóhólstyrkleiki“ eða „raunverulegt alkóhól“ eða „alk“.

Tilgreina skal raunverulegan alkóhólstyrkleika á merki-miðanum með tölustöfum sem eru a.m.k. 5 mm háir ef nafnrúmmál er meira en 100 cl, a.m.k. 3 mm háir ef það er jafnt og eða minna en 100 cl en þó meira en 20 cl og 2 mm háir ef það er 20 cl eða minna.

*4. gr.***Notkun kóða við merkingar**

1. Kóðarnir, sem um getur í E-þætti VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, skulu ákvarðaðir í því aðildarríki þar sem aðalskrifstofur átappara, sendanda eða innflytjanda eru, en kóðarnir, sem um getur í 4. og 5. lið D-þáttar VIII. viðauka við reglugerðina skulu ákvarðaðir í því aðildarríki þar sem aðalskrifstofur vínframleiðanda eða seljanda eru.

2. Tilvísun til aðildarríkis í kóðanum, eins og um getur í 1. mgr., er sett fram sem póstkóði landsins á undan öðrum hlutum kóðans.

(¹) Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10.

5. gr.

Undanþágur

1. Þegar um er að ræða vín sem framleidd eru á yfirráðasvæði þeirra geta aðildarríkin heimilað að eftirfarandi sé undanþegið kröfunni um merkingar í 1. lið G-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999:

- a) vörur sem eru fluttar milli tveggja eða fleiri athafnasvæða sama fyrirtækis, sem er staðsett innan einnar stjórnsýslueiningar eða stjórnsýslueininga sem liggja hver að annari; slíkar einingar skulu ekki vera stærri en svæði sem samsvara III. stigi í flokkunarkerfi hagskýrslusvæða (NUTS III), að undanskildum eyjum, þar sem stjórnsýslueiningin skal samsvara II. stigi í flokkunarkerfi hagskýrslusvæða (NUTS II),
- b) magn þrúgumusts og vins sem er ekki meira en 30 lítrar á framleiðslueiningu og er ekki ætlað til sölu,;
- c) magn þrúgumusts og vins sem ætlað er til einkanota framleiðenda og starfsmanna þeirra.

Enn fremur mega hlutaðeigandi aðildarríki veita sérstakar undanþágur fyrir tiltekin gæðavin f.t.h., eins og um getur í öðrum undirlíð í b-lið 1. mgr. 29. gr. þessarar reglugerðar sem þroskast lengi á flösku fyrir sölu, að því tilskildu að þau mæli fyrir um eftirlitskröfur og reglur um dreifingu umræddra vara.

2. Aðildarríkin geta, þrátt fyrir 1. lið D-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, leyft að upplýsingar á merkimiða, nánar tiltekið lögboðnar upplýsingar, séu einnig settar fram á öðrum tungumálum en opinberum tungumálum Bandalagsins ef umræddar vörur eru ætlaðar til útflutnings og sé þess krafist í löggjöf þriðja lands.

6. gr.

Sameiginlegar reglur um allar upplýsingar á merkimiða

1. Að því er varðar 3. lið B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 er heimilt að bæta við merkingar vara, sem falla undir viðaukann, öðrum upplýsingum, að því tilskildu að engin hættu sé á því að slíkar upplýsingar geta villt um fyrir þeim sem þær eru ætlaðar, einkum að þeim verði ruglað saman við hinar lögboðnu upplýsingar sem um getur í 1. lið A-þáttar eða við valkvæðu upplýsingarnar sem um getur í 1. lið B-þáttar viðaukans.

2. Þegar um er að ræða vörurnar, sem um getur í 3. lið B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, getur yfirvald, sem er tilnefnt í 1. mgr. 72. gr. reglugerðarinnar,

krafist þess að átapparar, sendendur eða innflytjendur færi sönnur á nákvæmni orðalags sem notað er til lýsingar á umræddri vöru, eða þeim afurðum sem eru notaðar við framleiðslu hennar, nánar til tekið á eðli, auðkennum, gæðum, samsetningu, uppruna eða tilurð.

Ef lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem átappari, sendandi eða innflytjandi hefur staðfestu krefst sönnunar skal það gera það beint.

Ef lögbært yfirvald í öðru aðildarríki krefst sönnunar skal það láta yfirvaldi landsins, þar sem átappari, sendandi eða innflytjandi hefur staðfestu, í té, eftir venjulegum samstarfsleiðum, öll nauðsynleg gögn til sönnunar í málinu. Yfirvaldið sem leggur fram beiðnina skal upplýst um þær aðgerðir sem gripið er til í tengslum við beiðnina.

Komist lögbær yfirvöld að raun um að sönnur hafi ekki verið lagðar fram skal litið svo á að viðkomandi upplýsingarnar séu ekki í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 eða þessa reglugerð.

7. gr.

Skilgreining á „átappari“, „átöppun“ og „innflytjandi“

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „átappari“: einstaklingur eða lögpersóna eða hópur slíkra aðila sem stundar átöppun eða lætur átöppun fara fram á sínum vegum,
- b) „átöppun“: það að tappa viðkomandi vöru á ílát, sem rúma mest 60 lítra, til að bjóða megi hana til sölu,
- c) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögpersóna eða hópur slíkra með staðfestu innan Bandalagsins sem bera ábyrgð á að koma í dreifingu vörum frá löndum utan Bandalagsins í skilningi 8. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92⁽¹⁾.

8. gr.

Bann við hettum eða þynnum sem innihalda blý

Lokunarbúnaðinn, eins og um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999, má ekki hylja með hettu eða þynnu sem inniheldur blý.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1.

9. gr.

10. gr.

Tilteknar gerðir af flöskum fráteknar

1. Skilyrði varðandi notkun tiltekinna gerða af flöskum skulu vera eins og talið er upp í I. viðauka.
 2. Til að skrá megi flöskurnar í I. viðauka verða þær að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - a) þær verða að hafa verið í hefðbundinni notkun síðastliðin 25 ár í sérstökum framleiðsluheruðum eða -svæðum í Bandalaginu,
 - b) notkun þeirra verður að minna á tiltekin einkenni eða uppruna vínsins,
 - c) þessa gerð af flösku má ekki nota undir önnur vín á markaði Bandalagsins.
 3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um:
 - a) hvaða forsendur réttlæta viðurkenningu á hverri gerð af flösku,
 - b) einkenni hvernar gerðar af flösku sem uppfyllir kröfurnar í 2. mgr. og fyrir hvaða vín þær eru fráteknar.
 4. Þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr. má nota tilteknar gerðir af flöskum, sem eru skráðar í I. viðauka, fyrir framsetningu á vínnum sem eru upprunnin í þriðju löndum, að því tilskildu:
 - a) að þessi lönd hafi lagt fram rökstudda beiðni til framkvæmdastjórnarinnar; og
 - b) að kröfur, sem teljast jafngildar þeim sem eru settar fram í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, hafi verið uppfylltar.
- Í I. viðauka er að finna skrá yfir þau þriðju lönd sem er heimilað að nota hverja gerð af flösku svo og reglur um notkun þeirra.

5. Sumar gerðir af flöskum, sem hefð er fyrir að nota í þriðju löndum en eru ekki taldar upp í I. viðauka, geta, í tengslum við markaðssetningu í Bandalaginu, ef gagnkvæmt fyrirkomulag er í gildi, notið þeirrar verndar sem mælt er fyrir um í þessari grein fyrir þá gerð af flösku.

Fyrsta undirgrein skal koma til framkvæmda á grundvelli samkomulags við hlutaðeigandi þriðju lönd, samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 133. gr. sáttmálans.

Skrár, fylgiskjöl og önnur skjöl

1. Að því er varðar þær vörur sem um getur í 1. lið A-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, að undanskildum hálfreyðandi vínnum og loftblönduðum hálfreyðandi vínnum, skulu í lýsingu í þeim skrá, sem rekstraraðilar halda, eins og um getur í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 884/2001, og í öðrum skrá, fylgiskjölum og öðrum skjölum, sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins, og, ef engin fylgiskjöl hafa verið gerð, í viðkomandi viðskiptaskjölum, koma fram, til viðbótar við þær upplýsingar sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 884/2001, þær valkvæðu upplýsingar sem um getur í 1. og 2. lið B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, að því tilskildu að þær komi fram á merki miðanum eða til standi að setja þær þar.
2. Að því er varðar þær vörur sem um getur í 1. lið A-þáttar VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 og hálfreyðandi vín og loftblönduð hálfreyðandi vín skulu í lýsingu í þeim skrá, sem vínframleiðendur halda, og í öðrum skrá, fylgiskjölum og öðrum skjölum, sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins, og, þar sem engin fylgiskjöl hafa verið gerð, í viðkomandi viðskiptaskjölum, koma fram, til viðbótar við þær upplýsingar sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 884/2001:
 - þegar um er að ræða vörur eins og um getur í 1. lið A-þáttar VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, vöruheiti og heiti vöruheitundar sem um getur í a- og c-lið 1. liðar B-þáttar VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 og, þegar um er að ræða hálfreyðandi vín og loftblönduð hálfreyðandi vín, vöruheiti eins og um getur í 2. lið A-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999,
 - þegar um er að ræða vörur sem um getur í 1. lið A-þáttar VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, valkvæðar upplýsingar sem um getur í E-þætti VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 og, þegar um er að ræða hálfreyðandi vín og loftblönduð hálfreyðandi vín, valkvæðar upplýsingar sem um getur í 1. og 2. lið B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, að því tilskildu að þær komi fram á merkimiðanum eða til standi að setja þær þar.

3. Að því er varðar vörur í II. bálki skulu í lýsingu í þeim skrá, sem rekstraraðilar halda og um getur í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 884/2001 og í öðrum skrá, fylgiskjölum og öðrum skjölum, sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins, og, þar sem engin fylgiskjöl hafa verið gerð, í viðkomandi viðskiptaskjölum, koma fram, til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í reglugerð (EB) nr. 884/2001, valkvæðar upplýsingar sem um getur í 1. mgr. 13. gr. og 1. og 3. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar, að því tilskildu að þær komi fram á merkimiðanum eða til standi að setja þær þar.

4. Í lýsingunum í þeim skrá, sem aðilar aðrir en framleiðendur halda eða vinnframléiðendur, ef við á, skulu a.m.k. koma fram þær upplýsingar sem um getur í 1., 2. eða 3. mgr. eftir því sem við á. Í stað valkvæðu upplýsinganna sem um getur í 1., 2. eða 3. mgr., eftir því sem við á, má setja í þessum skrá númer fylgiskjals eða annarra skjala sem mælt er fyrir um í lögjöf Bandalagsins og hvaða dag skjölín voru útbúin.

5. Auðkenna skal ílát fyrir geymslu varanna sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. og tilgreina nafnrúmmál þeirra.

Enn fremur skal setja á ílátin viðeigandi upplýsingar, sem aðildarríkin hafa kveðið á um, þannig að eftirlitsaðilar geti greint innihald þeirra með því að nota skrár eða önnur skjöl í þeirra stað.

Þegar um er að ræða ílát sem rúma 600 lítra eða minna, sem fyllt eru með sömu vöru og geymd saman innan sömu framleiðslueiningar, má þó merkja framleiðslueininguna í heild frekar en stök ílát, að því tilskildu að hún sé greinilega aðgreind frá öðrum einingum.

II. BÁLKUR

REGLUR UM ÞRÚGUMUST, ÞRÚGUMUST Í GERJUN, ÞRÚGUMUSTSPYKNI, NÝ VÍN ENN Í GERJUN OG VÍN ÚR OFÞROSKUÐUM ÞRÚGUM

11. gr.

Almenn ákvæði

1. Þegar merkja á vörur, sem falla undir g-lið 2. mgr. 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999, eða sömu vörur framleiddar í þriðju löndum (hér á eftir nefndar „vörur í II. bálki“) skal merkingin vera í samræmi við ákvæði 12., 13. og 14. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. 3. gr. gilda, að breyttu breytanda, um þær lögboðnu upplýsingar sem um getur í 12. gr.

3. E-þáttur VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 og 4. gr. þessarar reglugerðar gilda, að breyttu breytanda, um vörur í II. bálki.

12. gr.

Lögboðnar upplýsingar

1. Á merkimiðum á vörum í II. bálki skal koma fram vörumerking vörunnar og nota:

a) það heiti sem skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 1493/1999 sem lýsir henni nákvæmast, eða

b) heiti sem ekki eru skilgreind í reglum Bandalagsins en sem njóta lögverndar í hlutaðeigandi aðildarríkjum eða þriðju löndum, að því tilskildu að þau tilkynni um þau til framkvæmdastjórnarinnar, sem skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að heitin séu birt.

2. Á merkimiðum á vörum í II. bálki skal tilgreina nafnrúmmál vörunnar.

3. Á merkimiðum á vörum í II. bálki skal tilgreina:

a) þegar um er að ræða ílát með nafnrúmmál sem er 60 lítrar eða minna, nafn eða firmanafn átappara og staðbundið stjórnsýsluvæði og aðildarríkið þar sem aðalskrifstofur átappara eru staðsettar,

b) þegar um er að ræða önnur ílát, nafn eða firmanafn sendanda og staðbundið stjórnsýsluvæði og aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa sendanda er staðsett,

c) þegar um er að ræða innfluttar vörur, innflytjanda og, þegar átöppun hefur farið fram í Bandalaginu, átappara.

Þegar um er að ræða upplýsingarnar, sem um getur í a-, b- og c-lið, gildir 15. gr., að breyttu breytanda, um vörur framleiddar í Bandalaginu en a-liður 1. mgr. 34. gr. gildir, að breyttu breytanda, um vörur sem eru framleiddar í þriðju löndum.

4. Þegar um er að ræða þrúgumust eða þrúgumustsþykni skal tilgreina eðlismassa á merkimiðum.

Þegar um er að ræða þrúgumust í gerjun eða ný vín enn í gerjun skal tilgreina á merkimiðum raunverulegan alkóhólstyrkleika og/eða heildaralkóhólstyrkleika.

Þar sem gefinn er upp heildaralkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál, einkum fyrir þrúgumust í gerjun, má styrkleiki ekki víkja meira en 0,5% frá þeim styrkleika sem fram kemur við greiningu.

Á eftir tölu yfir heildaralkóhólstyrkleika skal koma „% miðað við rúmmál“ og á undan henni má setja orðin „heildaralkóhólstyrkleiki“ eða „heildaralkóhól“. Sýna skal töluna á merki-miðanum með tölustöfum sömu lágmarkshæðar eins og mælt er fyrir um töluna yfir raunverulegan alkóhólstyrkleika.

Þegar um er að ræða vín framleidd úr ofþroskuðum þrúgum skal tilgreina á merkimiðum raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál. Tilgreina skal raunverulegan alkóhólstyrkleika í heilum og hálfum prósentutölum miðað við

rúmmál. Tilgreindur alkóhólstyrkleiki má ekki víkja meira en 0,5% frá þeim styrkleika sem fram kemur við greiningu. Á eftir tölu um raunverulegan alkóhólstyrkleika skal koma merkingin „% miðað við rúmmál“ og á undan henni má setja orðin „raunverulegur alkóhólstyrkleiki“ eða „raunverulegt alkóhól“ eða „alk.“.

Tilgreina skal raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál á merkimiðanum með tölustöfum sem eru a.m.k. 5 mm háir ef nafnrúmmál er meira en 100 cl, a.m.k. 3 mm háir ef það er jafnt og eða minna en 100 cl en þó meira en 20 cl og 2 mm háir ef það er 20 cl eða minna.

5. Ef um er að ræða vörusendingu á vörum í II. bálki til annars aðildarríkis eða útflutning skal tilgreina á merkimiðum:

- a) ef þrúgumust er framleitt í því aðildarríki þar sem þrúgurnar voru ræktaðar, heiti aðildarríkisins,
- b) ef vín, eins og um getur í þessari málsgrein, er fengið úr þrúgum sem eru ræktaðar og umbreytt í vín á yfirráðasvæði eins aðildarríkis, heiti þess aðildarríkis.

6. Ef vörur í II. bálki eru framleiddar í þriðju löndum skal tilgreina á merkimiðum heiti viðkomandi þriðja landsins.

7. Ef vörur í II. bálki eru framleiddar með blöndun (coupage) á afurðum, sem eru upprunnar í tveimur aðildarríkjum eða fleiri, skulu merkimiðar innihalda orðin „blanda úr afurðum tveggja eða fleiri landa Evrópubandalagsins“.

Ef þrúgumustið var ekki framleitt í því aðildarríki þar sem þrúgurnar, sem voru notaðar, voru tíndar skal standa á merkimiðunum „must fengið í ... úr þrúgum tíndum í ...“.

Ef vínin voru ekki framleidd í því aðildarríki þar sem þrúgurnar, sem voru notaðar, voru tíndar skal standa á merkimiðunum „vín fengið í ... úr þrúgum tíndum í ...“.

8. Á merkimiðum á vörum í II. bálki skal standa númer framleiðslueiningar í samræmi við tilskipun 89/396/EBE.

13. gr.

Valkvæðar upplýsingar

1. Við merkingar á vörum í II. bálki má bæta við eftirfarandi:

- a) nafni, heimilisfangi og starfsheiti eins eða fleiri aðila sem eiga þátt í markaðssetningu; 15. gr. gildir, að breyttu breytanda, um þær vörur sem um er að ræða,
- b) tegund vöru eins og aðildarríkið, þar sem framleiðslan fer fram, hefur ákveðið,
- c) sérstökum lit, eins og aðildarríkið, þar sem framleiðslan fer fram, hefur ákveðið; 17. gr. gildir, að breyttu breytanda, um þær vörur sem um er að ræða.

2. Við merkingar á vörum í II. bálki má bæta við öðrum valkvæðum upplýsingum. Ákvæði 6. gr. gildir, að breyttu breytanda, um slíkar vörur.

14. gr.

Merkt með landfræðilegum merkingum

1. Nota má landfræðilegar merkingar í lýsingu á þrúgumusti í gerjun sem ætlað er beint til neyslu og víni úr ofþroskuðum þrúgum sem er framleitt í Bandalaginu. Í slíkum tilvikum skulu vörumerkingarnar, sem um getur í 1. mgr. 12. gr., samstanda af:

- a) orðunum „þrúgumust í gerjun“ eða „vín úr ofþroskuðum þrúgum“ eftir því sem við á,
- b) heiti landfræðilegu einingarinnar,
- c) hefðbundnu sérheiti; þar sem vörumerkingin er hluti þess heitis þarf ekki að endurtaka það.

Aðildarríkin skulu ákvarða hefðbundin sérheiti sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar og nota má yfir þrúgumust í gerjun sem ætlað er beint til neyslu og vín úr ofþroskuðum þrúgum sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra.

Ákvæði 51. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999, 28. gr. þessarar reglugerðar og þau ákvæði í reglugerð (EB) nr. 1493/1999 og þessari reglugerð, er varða verndun á heitum borðvína með landfræðilegum merkingum, gilda, að breyttu breytanda, um þrúgumust í gerjun, sem ætlað er beint til neyslu, með landfræðilegri merkingu og vín úr ofþroskuðum þrúgum með landfræðilegri merkingu.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem þau hafa gert til að koma 1. mgr. til framkvæmdar. Framkvæmdastjórnin skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ráðstafanirnar séu birtar.

3. Við merkingar á þrúgumusti í gerjun, sem ætlað er beint til neyslu, með landfræðilegri merkingu og víni úr ofþroskuðum þrúgum með landfræðilegri merkingu, sem framleidd eru í Bandalaginu, má bæta eftirfarandi upplýsingum:

- a) vínargangi; 18. og 20. gr. gilda, að breyttu breytanda,
- b) heiti eins eða fleiri vínviðaryrkja; 19. og 20. gr. gilda, að breyttu breytanda,
- c) upplýsingum um verðlaun, viðurkenningar og sigra í keppnum; 21. gr. gildir, að breyttu breytanda,
- d) upplýsingum er varða framleiðsluáferð; 22. gr. gildir, að breyttu breytanda,
- e) frekari hefðbundnum heitum; 23. og 24. gr. gilda, að breyttu breytanda,
- f) heiti fyrirtækis; 25. gr. gildir, að breyttu breytanda,
- g) upplýsingum um að framleiðsluhópur eða fyrirtæki á framleiðslusvæðinu hafi annast átöppun vörunnar á bújörð framleiðanda; 26. gr. gildir, að breyttu breytanda.

III. BÁLKUR

*REGLUR VARÐANDI BORDVÍN, BORDVÍN MED
LANDFRÆÐILEGUM MERKINGUM OG GÆÐAVÍN F.T.H.*

15. gr.

Upplýsingar um nafn, heimilisfang og starfsheiti eins eða fleiri aðila sem eiga þátt í markaðssetningu

1. Lögboðnum upplýsingum, sem settar eru fram í fyrsta undirlið í a-lið 3. liðar A-þáttar VII. viðauka, og valkvæðum upplýsingum, sem settar eru fram í fyrsta undirlið í a-lið 1. liðar B-þáttar VII. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1493/1999, skulu fylgja upplýsingar sem sýna starfsemi átappara, sendanda eða aðila sem eiga þátt í markaðssetningu með notkun á orðalagi eins og „vínrektandi“, „tínt af“, „heilðsali“, „annaðist dreifingu“, „innflytjandi“, „annaðist innflutning“, eða annað álíka orðalag.

Einkum skal bæta við upplýsingar um átappara orðunum „átappari“ eða „annaðist átöppun“.

Þó skal bæta við upplýsingar um átappara orðunum „átöppun fyrir“ þegar átöppun fer fram samkvæmt samningi eða orðunum „átöppun fyrir ... annaðist ...“ þar sem fram koma upplýsingar um nafn, heimilisfang og starfsheiti þess sem annaðist átöppunina fyrir þriðja aðila.

Önnur og þriðja undirgrein gilda þegar önnur ílát en flöskur eiga í hlut. Engu að síður skulu orðin „pökkunaraðili“ og „pökkun annaðist“ koma í stað orðanna „átappari“ og „átöppun annaðist“, eftir því sem við á.

Þó skal ekki krafist notkunar á því orðalagi sem um getur í annari, þriðju og fjórðu undirgrein þegar notaðar eru einhverjar af þeim upplýsingum sem um getur í 26. og 33. gr.

Þessi málsgrein gildir með fyrirvara um 2. mgr.

Ef átöppun eða sending á sér stað á staðbundnu stjórnsýslusvæði öðru en því sem átappari eða sendandi tilheyrir eða aðliggjandi svæði skal fylgja upplýsingunum, sem um getur í þessari málsgrein, tilvísun til staðbundna stjórnsýslusvæðisins þar sem starfsemin fór fram og, ef hún fer fram í öðru aðildarríki, heiti þess ríkis.

2. Orðalagið, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., má ekki innihalda heiti sem vísa til bújarða, nema umrædd vara hafi eingöngu verið framleidd úr þrúgum tíndum á vínekrum sem tilheyra bújörðinni eða bújörð aðila sem lýst er með einu af þessum heitum og að vínframleiðslan hafi farið fram á þeirri bújörð.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal ekki taka tillit til viðbættis þrúgumustsþykkis eða hreinsaðs þrúgumustsþykkis sem ætlað er til að auka náttúrlégan alkóhólstyrkleika umræddrar afurðar.

Aðildarríkin skulu tilgreina þetta orðalag fyrir vín framleidd á þeirra yfirráðasvæði og skilgreina skilyrði varðandi notkun þeirra.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem gerðar eru til framkvæmdar þriðju undirgrein. Framkvæmdastjórnin skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ráðstafanirnar séu birtar.

3. Eingöngu má nota þær valkvæðu upplýsingar, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., samkvæmt samkomulagi við einn eða fleiri hlutaðeigandi aðila.

Þó gildir fyrsta undirgrein ekki um slíkar upplýsingar ef reglur aðildarríkis gera kröfu um settar séu fram upplýsingar um nafn, heimilisfang og starfsheiti þess aðila sem annast átöppun samkvæmt samningi.

4. Upplýsingar um aðildarríki átappara eða sendanda skulu koma fram á merkimiðanum í stöfum sömu stærðar og gerðar og notaðir eru fyrir nafn, heimilisfang og starfsheiti eða firmanafn hlutaðeigandi aðila. Aðildarríkið skal tilgreint:

- a) annaðhvort fullum stöfum aftan við staðbundna stjórnsýslusvæðið eða hluta þess,
- b) eða sem póstkóði landsins, eftir atvikum ásamt póstnúmeri hlutaðeigandi staðbundins stjórnsýslusvæðis.

5. Þegar um er að ræða borðvín skal heiti staðbundins stjórnsýslusvæðis, þar sem aðalskrifstofur þess eða þeirra aðila

sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. eru staðsettar, koma fram á merkimiðanum með letri sem er í mesta lagi helmingur af stærð letursins í orðinu „borðvín“.

Þegar um er að ræða borðvín með landfræðilegum merkingum skal heiti staðbundins stjórnsýslusvæðis, þar sem aðalskrifstofur þess eða þeirra aðila sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. eru staðsettar, koma fram á merkimiðanum með letri sem er í mesta lagi helmingur af stærð þess leturs sem notað er fyrir landfræðilegu merkinguna.

Þegar um er að ræða gæðavín f.t.h. skal heiti staðbundins stjórnsýslusvæðis, þar sem aðalskrifstofur þess eða þeirra aðila sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. eru staðsettar, koma fram á merkimiðanum með letri sem eru í mesta lagi helmingur af stærð þess leturs sem gefur til kynna tilgreint hérað.

Þessi málsgrein gildir ekki þegar staðbundna stjórnsýslusvæðið er tilgreint með kóðum, eins og um getur í E-þætti VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999.

16. gr.

Upplýsingar um vörutegund

1. Að því er varðar annan undirlið í a-lið 1. liðar B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 má eingöngu nota eftirfarandi heiti til að merkja borðvín, borðvín með landfræðilegum merkingum og gæðavín f.t.h., að undanskildum gæðalíkjörvínnum f.t.h. og hálfreyðandi gæðavínnum f.t.h. sem falla undir b-lið 1. mgr. 39. gr.:

a) „sec“, „trocken“, „secco“, „asciutto“, „dry“, „tør“, „ξηρός“, „seco“, „kuiva“, „droog“ eða „torrt“, með því skilyrði að magn sykurleifa í viðkomandi víni séu ekki meiri en:

i. 4 grömm á lítra, eða

ii. 9 grömm á lítra, að því tilskildu að heildarsýrumagn gefið upp sem grömm af vinsýru á lítra sé ekki meira en 2 grömmum lægra en magn sykurleifa,

b) „demi-sec“, „halbtrocken“, „abboccato“, „medium dry“, „halvtør“, „ημίξηρος“, „semisecco“, „meio seco“, „adamado“, „puolikuiva“, „halfdroog“ eða „halvtorrt“, með því skilyrði að magn sykurleifa í viðkomandi víni sé umfram það hámark sem getið er í a-lið en þó ekki meira en:

i. 12 grömm á lítra, eða

ii. 18 grömm á lítra, þar sem lágmarksheildarmagn sýru hefur verið ákveðið af aðildarríkjunum samkvæmt 2. málsgrein,

c) „moelleux“, „lieblich“, „amabile“, „medium“, „medium sweet“, „halvsød“, „ημίγλυκος“, „semidulce“, „meio doce“, „puolimakea“, „halfzoet“ eða „halvsft“, með því skilyrði að magn sykurleifa í viðkomandi víni sé umfram það hámark sem getið er í b-lið en þó ekki meira en 45 grömm á lítra,

d) „doux“, „süss“, „dolce“, „sweet“, „sød“, „γλυκός“, „dulce“, „doce“, „makea“, „zoet“ eða „sft“, með því skilyrði að magn sykurleifa í viðkomandi víni sé a.m.k. 45 grömm á lítra.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að setja, sem skilyrði fyrir notkun:

a) á heitum sem skráð eru í a- og b-lið 1. mgr., lágmarksheildarsýruinnihald til notkunar sem viðbótarviðmiðun þegar um er að ræða tiltekin vín framleidd á þeirra yfirráðasvæði,

b) á heitum sem skráð eru í d-lið 1. mgr., lágmarksmagn sykurleifa ekki lægra en 35 grömm á lítra þegar um er að ræða tiltekin gæðavín f.t.h. framleidd á þeirra yfirráðasvæði.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem þau hafa gert til að koma 2. mgr. til framkvæmdar. Framkvæmdastjórnin skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ráðstafanirnar séu birtar.

17. gr.

Upplýsingar varðandi lit

Þegar aðildarríki tilgreina, að því er varðar þriðja undirlið í a-lið 1. liðar B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, hvernig gefa beri upplýsingar um tiltekinn lit á borðvínnum, borðvínnum með landfræðilegum merkingum og á gæðavínnum f.t.h. með hliðsjón af vínnum sem framleidd eru á þeirra yfirráðasvæði skulu þau skilgreina skilyrði varðandi notkun slíkra upplýsinga og tilkynna framkvæmdastjórninni um viðkomandi ráðstafanir. Framkvæmdastjórnin skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ráðstafanirnar séu birtar.

IV. BÁLKUR

REGLUR VARÐANDI BORDVÍN MEÐ LANDFRÆÐILEGUM MERKINGUM OG GÆÐAVÍN F.T.H.

I. KAFLI

SAMEIGINLEGAR REGLUR

18. gr.

Upplýsingar um árgang

Sýna má árganginn, sem um getur í fyrsta undirlið í b-lið 1. liðar B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB)

nr. 1493/1999, á merkimiða borðvíns með landfræðilega merkingu eða gæðavíns f.t.h. að því tilskildu að a.m.k. 85% af þrúgunum, sem notaðar voru til að framleiða vínið, að undanskildu því afurðamagni sem var notað til sætunar, hafi verið tíndar umrætt ár.

Á vínunum, sem hefð er fyrir að framleiða úr þrúgum sem tíndar eru að vetri, skal frekar koma fram markaðsárið heldur en árgangurinn.

19. gr.

Upplýsingar um vínviðaryrki

1. Heimilt er að gefa upp heiti þeirra vínviðaryrkja sem notuð eru við framleiðslu á borðvíni með landfræðilega merkingu eða á gæðavíni f.t.h. eða samheiti þeirra á merkimiðum þess víns sem um er að ræða, að því tilskildu að:

- a) umrædd vínviðaryrki, og samheiti þeirra ef við á, sé að finna í flokkun vínviðaryrkja sem gerð var af aðildarríki skv. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999,
- b) aðildarríkið hafi ákveðið í samræmi við 1. lið B-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 og aðra málsgrein 28. gr. þessarar reglugerðar að nota megi þessi vínviðaryrki til framleiðslu á þeim vínunum sem um er að ræða,
- c) heiti yrkis eða eitt af samheitum þess feli ekki í sér landfræðilega merkingu sem notuð er til að lýsa gæðavíni f.t.h., borðvíni eða innfluttu víni sem eru talin upp í samningum sem Bandalagið og þriðju lönd hafa gert með sér, og, þegar á eftir fylgir annað landfræðilegt heiti, að það sé birt á merkimiðanum án þess landfræðilega heitis,
- d) ef aðeins eitt yrki eða samheiti þess er nafngreint, a.m.k. 85% vörunnar hafi verið framleitt úr því yrki, að undanskildu því afurðamagni sem notað var til sætunar. Þetta yrki verður að ákvarða einkenni viðkomandi víns; þó er heimilt, ef viðkomandi vara er eingöngu framleidd úr umræddu yrki, þ.m.t. það afurðamagn sem notað var til sætunar, að undanskildu hreinsuðu þrúgumustsþykkni, að geta þess að vara sé eingöngu framleidd úr því yrki sem um er að ræða,
- e) ef tvö eða þrjú yrki eða samheiti þeirra eru nafngreind, að 100% af viðkomandi vöru hafi verið framleidd úr þessum yrkjum, að undanskildu því afurðamagni sem notað var til sætunar; í því tilviki verður að tilgreina yrkin í lækkanði röð miðað við það hlutfall sem er notað og með lettri í sömu stærð,

f) ef fleiri en þrjú yrki eða samheiti þeirra eru nafngreind, að heiti yrkjanna komi fram annars staðar en á sýnilega fletinum með lögboðnu upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. 3. gr.; þau má ekki sýna með stærra lettri en 3 mm háu.

2. Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 1. mgr.:

- a) má sýna heiti yrkis eða eitt af samheitum þess, sem innihalda landfræðilega merkingu, á merkimiða víns með sömu landfræðilega merkingu,
- b) má nota heiti yrkja og samheiti þeirra, sem eru skráð í II. viðauka, samkvæmt landsreglum og reglum Bandalagsins sem eru í gildi á gildistökudegi þessarar reglugerðar.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu, fyrir 1. október 2002, tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem um getur í b-lið 2. mgr. Framkvæmdastjórnin skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ráðstafanirnar séu birtar.

20. gr.

85% reglan

Beita má 18. gr. og d-lið 1. mgr. 19. gr. á sama tíma að því tilskildu að a.m.k. 85% af víninu í blöndunni komi frá því vínviðaryrki og þeim árgangi sem tilgreindur er í lýsingu á viðkomandi víni, að undanskildu því afurðamagni sem notað var til sætunar.

21. gr.

Verðlaun og viðurkenningar

Að því er varðar þriðja undirlið í b-lið 1. liðar B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 mega verðlaun og viðurkenningar koma fram á merkimiðum borðvína með landfræðilegum merkingum og gæðavína f.t.h., að því tilskildu að þau hafi verið veitt framleiðslulotu viðkomandi víns í keppni sem aðildarríki eða þriðja land hefur heimilað og er haldin án nokkurrar óhlutdrægni. Aðildarríkin og þriðju löndin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um skrá yfir heimilaðar keppnir. Framkvæmdastjórnin skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skrárnar séu birtar.

22. gr.

Upplýsingar um framleiðsluáðferð

1. Þegar aðildarríkin tilgreina, að því er varðar fjórða undirlið í b-lið 1. liðar B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB)

nr. 1493/1999, upplýsingar um framleiðsluáðferð borðvína með landfræðilegum merkingum og gæðavína f.t.h. sem framleidd eru á yfirráðasvæði þeirra skulu þau tilgreina skilyrði fyrir notkun slíkra upplýsinga.

Í upplýsingunum skulu ekki koma fram vísanir til lífrænnar ræktunar á þrúgum sem falla undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem þau hafa gert til að koma 1. mgr. til framkvæmdar. Framkvæmdastjórnin skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ráðstafanirnar séu birtar.

23. gr.

Skilgreining á „öðrum hefðbundnum heitum“

Að því er varðar fimmta undirlið í b-lið 1. liðar B-þáttar VII. viðauka við reglugerð nr. 1493/1999 merkja „önnur hefðbundin heiti“ frekari heiti sem hefð er fyrir að nota í aðildarríkjum, sem eru framleiðsluríki, til að lýsa, þegar um er að ræða vín sem um getur í þessum bálki, framleiðslu- eða þroskunaráðferð eða gæðum, lit, tegund staðar eða sérstökum atburði tengdan sögu þess og sem eru skilgreind í löggjöf aðildarríkisins um lýsingu viðkomandi vína sem eru upprunnin á yfirráðasvæði þess.

24. gr.

Verndun hefðbundinna heita

1. Að því er varðar þessa grein merkir „hefðbundin heiti“ frekari hefðbundin heiti sem um getur í 23. gr., heiti sem um getur í 28. gr. og þau hefðbundnu sérheiti sem um getur í 14. gr. (c-liður í fyrstu undirgrein 1. mgr.), 29. gr. og 38. gr. (3. mgr.).

2. Hefðbundnu heitin sem skráð eru í III. viðauka skulu frátekin fyrir þau vín sem þau tengjast og skulu vernduð gegn:

- hvers konar misnotkun, eftirlíkingu eða sköpun hugrenningatengsla, jafnvel þótt verndaða heitinu fylgi orðasambönd á borð við „tegund“, „gerð“, „líki“, „eftirlíking“, „merki“ eða þess háttar,
- hvers konar öðrum óréttmætum, röngum eða villandi upplýsingum um eðli eða grundvallareiginleika vínsins, á innri eða ytri umbúðum, í auglýsingaefni eða skjölum er varða viðkomandi vöru,

c) hvers konar athöfnum, sem eru til þess fallnar að villa um fyrir almenningi, einkum þeim sem gefa til kynna að verndaða hefðbundna heitið geti átt við um vínið.

3. Í vörumerkjum, sem eru notuð á merkimiðum víns, skal ekki vera neitt þeirra hefðbundnu heita sem eru talin upp í III. viðauka nema heimilt sé að nota það hefðbundna heiti fyrir vínið.

Þó gildir fyrsta undirgrein ekki þegar um er að ræða vörumerki sem hafa verið löglega skráð, í góðri trú, í Bandalaginu eða öðlast réttindi í Bandalaginu á lögmætan hátt þar sem þau hafa verið notuð í góðri trú fyrir birtingardag þessarar reglugerðar (eða, þegar um er að ræða hefðbundin heiti sem bætt var við III. viðauka eftir gildistöku þessarar reglugerðar, fyrir dagsetningu viðbótarinnar) og í raun verið í löglegri notkun, í góðri trú, eftir skráninguna eða eftir að þau öðluðust réttindi. Þessi undirgrein gildir aðeins í því aðildarríki þar sem umrætt vöruheiti er skráð eða þar sem réttindi hafa fengist á grundvelli þeirrar notkunar.

Þessi málsgrein gildir með fyrirvara um F-þátt VII. viðauka og H-þátt VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999.

4. Ef hefðbundið heiti, sem er skráð í III. viðauka við þessa reglugerð, fellur einnig undir einn af flokkunum sem um getur í A-þætti og 1. og 2. lið B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 gilda ákvæði þessarar greinar frekar en þau ákvæði sem um getur í IV. eða V. bálki um þetta hefðbundna heiti.

Verndun hefðbundins heitis gildir eingöngu fyrir það eða þau tungumál sem það birtist á í III. viðauka.

Sérhvert hefðbundið heiti, sem skráð er í III. viðauka, skal tengjast einum eða fleiri flokkum vína. Flokkarnir eru:

- gæðalíkjörvín f.t.h. og líkjörvín með landfræðilegum merkingum; í þessu tilviki gildir verndun hefðbundins heitis eingöngu um heiti líkjörvína,
- gæðafreyðivín f.t.h. (þ.m.t. ilmriki gæðafreyðivín f.t.h.); í þessu tilviki gildir verndun hefðbundins heitis eingöngu um heiti freyðivína og loftblandaðra freyðivína,
- hálfreyðandi gæðavín f.t.h. og hálfreyðandi gæðavín með landfræðilegum merkingum; í þessu tilviki gildir verndun hefðbundins heitis eingöngu um heiti hálfreyðandi vína og loftblandaðra hálfreyðandi vína,

- d) gæðavin f.t.h. sem ekki falla undir a-, b- eða c-lið hér að framan og borðvin með landfræðilegum merkingum; í þessu tilviki gildir verndun hefðbundins heitis eingöngu um heiti vína annarra en líkjörvína, freyðivína, loftblandaðra freyðivína, hálfreyðandi vína og loftblandaðra hálfreyðandi vína,
- e) þrúgumust í gerjun með landfræðilega merkingu ætlað beint til neyslu; í þessu tilviki gildir verndun hefðbundins heitis eingöngu um heiti þrúgumusts í gerjun,
- f) vín úr ofþroskuðum þrúgum með landfræðilega merkingu; í þessu tilviki gildir verndun hefðbundins heitis eingöngu um heiti vins úr ofþroskuðum þrúgum.

5. Til að öðlast rétt á því að vera skráð í A-þátt III. viðauka verður hefðbundið heiti að:

- a) vera sértækt og nákvæmlega skilgreint í löggjöf aðildarríkisins,
- b) vera nægilega sérkennandi og/eða hafa náð markaðsfestu í Bandalaginu,
- c) hafa verið notað samkvæmt hefð í a.m.k. 10 ár í umrædda aðildarríki,
- d) vera notað fyrir eina eða fleiri tegundir af vínnum Bandalagsins eða flokka af vínnum Bandalagsins.

6. Til að öðlast rétt á því að vera skráð í B-þátt III. viðauka verða hefðbundin heiti að uppfylla þau skilyrði sem um getur í 5. mgr., vera notuð yfir vín með landfræðilega merkingu og sýna að vínið sé upprunnið í þessu héraði eða á þessum stað innan yfirráðasvæðis Bandalagsins, ef rekja má tiltekin gæði, orðspor eða önnur einkenni vinsins, eins og þeim er lýst með hefðbundna heitinu, í meginatriðum til þessa landfræðilega uppruna.

7. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um:

- a) forsendur fyrir viðurkenningu sérhvers heitis,
- b) hefðbundin heiti sem finna má í löggjöf þeirra og uppfylla skilyrðin hér að framan og vínin sem þau eru frátekin fyrir,
- c) sérhvert hefðbundið heiti sem nýtur ekki lengur verndar í upprunalandi sínu.

8. Þrátt fyrir 1.–7. mgr. má heimila notkun tiltekinna

hefðbundinna heita, sem eru skráð í A-þátt III. viðauka, á merkimiðum vína með landfræðilega merkingu upprunna í þriðja landi, á tungumáli þriðja lands sem er upprunaland eða á öðru tungumáli þar sem notkun á því tungumáli er hefðbundin fyrir þessi heiti, að því tilskildu að:

- a) löndin hafi sent rökstudda beiðni til framkvæmdastjórnarinnar og lagt fram löggjöfina um heitið og
- b) skilyrðin í 5. og 9. mgr. hafi verið uppfyllt og
- c) kröfurnar, sem hlutaðeigandi þriðju lönd mæla fyrir um, séu ekki til þess fallnar að villa um fyrir neytandanum hvað varðar heitið.

Fyrir hvert hefðbundið heiti eru hlutaðeigandi þriðju lönd tilgreind í A-þætti III. viðauka.

9. Að því er varðar sjöttu undirgrein 1. liðar D-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 og 8. mgr. þessarar greinar skal notkun annars tungumáls en opinbers tungumáls lands talin hefðbundin að því er varðar hefðbundin heiti ef kveðið er á um notkun tungumálsins í löggjöf hlutaðeigandi lands og tungumálið hefur verið samfellt í notkun hvað varðar hefðbundna heitið í a.m.k. 25 ár.

10. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um 28. og 29. gr.

25. gr.

Heiti fyrirtækis

1. Eingöngu er heimilt er að nota heiti fyrirtækis, samkvæmt sjötta undirlið í b-lið 1. liðar B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, ef fyrirtækið á þátt í dreifingu vörunnar og hefur samþykkt notkun á heiti sínu.

Þegar fyrirtækið er vínreктarþújörð, þar sem vínið var framleitt, er aðeins heimilt að nota heiti fyrirtækisins ef vínið er eingöngu framleitt úr þrúgum, tíndum af vínvið á þújörðinni, og framleiðslan hefur farið fram á þújörðinni.

Aðildarríkin skulu tilgreina skilyrði varðandi notkun slíkra heita fyrir vín sem framleidd eru á yfirráðasvæði þeirra.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem þau hafa gert til að koma 1. mgr. til framkvæmdar. Framkvæmdastjórnin skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ráðstafanirnar séu birtar.

26. gr.

Upplýsingar um átöppun

1. Aðildarríkin skulu tilgreina, að því er varðar sjöunda undirlið í b-lið 1. mgr. B-þáttar VII. viðauka reglugerðar (EB)

nr. 1493/1999, fyrir vín sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra, upplýsingar um hvort borðvíni með landfræðilegum merkingum og gæðavíni f.t.h. hafi verið átappað:

- a) á bújörð framleiðandans, eða
- b) af framleiðsluhópi, eða
- c) af fyrirtæki staðsettu í framleiðsluhéraði eða, þegar um er að ræða gæðavín f.t.h. eins og um getur í 3. lið D-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, í næsta nágreppi við framleiðsluhéraðið.

Aðildarríkin skulu skilgreina skilyrði varðandi notkun slíkra upplýsinga.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem þau hafa gert til að koma 1. mgr. til framkvæmdar. Framkvæmdastjórnin skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ráðstafanirnar séu birtar.

27. gr.

Viðbótarákvæði sem aðildarríki, sem eru framleiðsluríki, mæla fyrir um

Reglurnar í þessum bálki um tiltekin valkvæð heiti gilda með fyrirvara um rétt aðildarríkja, sem eru framleiðsluríki, til að lögbjóða þessar upplýsingar, banna þær eða takmarka notkun þeirra þegar um er að ræða vín framleidd á yfirráðasvæði þeirra, eins og kveðið er á um í 4. lið B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999. Við takmörkun á notkun þessara valkvæðu heita er aðildarríkjunum heimilt að innleiða strangari skilyrði en þau sem mælt er fyrir um í þessum bálki.

II. KAFLI

SÉRTÆKAR REGLUR VARÐANDI BORÐVÍN MEÐ LANDFRÆÐILEGA MERKINGU

28. gr.

Notkun á landfræðilegum merkingum

Að því er varðar borðvín sem lýst er sem:

- „Landwein“ þegar um er að ræða borðvín upprunnin í Þýskalandi, Austurríki og sýslunni Bolzano á Ítalíu,
- „vin de pays“ þegar um er að ræða borðvín upprunnin í Frakklandi, Lúxemborg og héraðinu Valle d'Aosta á Ítalíu,
- „indicazione geografica tipica“ þegar um er að ræða borðvín upprunnin á Ítalíu,
- „vino de la tierra“ þegar um er að ræða borðvín upprunnin á Spáni,
- „ονομασία κατά παράδοση“ (*appellation traditionnelle*) eða „τοπικός οίνος“ (*vin de pays*) þegar um er að ræða borðvín upprunnin í Grikklandi,

— „vinho regional“ þegar um er að ræða borðvín upprunnin í Portúgal,

— „regional wine“ þegar um er að ræða borðvín upprunnin í Breska konungsríkinu og

— „landwijn“ þegar um er að ræða borðvín upprunnin í Hollandi,

skal hvert aðildarríkjanna þar sem framleiðsla fer fram tilkynna framkvæmdastjórninni, í samræmi við þriðja undirlið í b-lið 2. liðar A-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 um:

- a) skrá yfir heiti landfræðilegra eininga sem eru minni en aðildarríkið, eins og um getur í 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999, sem heimilt er að nota og ákvæði um notkun heitanna og einingaheitanna,
- b) allar síðari breytingar á skránni og ákvæðunum sem um getur í a-lið.

Í landsreglum um notkun heitanna, sem eru sett fram í fyrstu undirgrein, verður að krefjast þess að viðkomandi heiti skuli tengjast notkun merkingar er lýsir tilteknu landfræðilegu svæði sem er minna en aðildarríkið, og vera frátekið fyrir vín sem standast tilteknar framleiðslukröfur, nánar tiltekið varðandi vínviðaryrki, lágmarksstyrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál og mat á eða upplýsingar um skynmatseinkenni.

Þó er í reglunum, sem um getur í annarri málsgrein, heimilt að leyfa notkun á heitunum „ονομασία κατά παράδοση“ (*appellation traditionnelle*) eða „τοπικός οίνος“ (*vin de pays*) samhliða „Πετσίνα“, „retsina“, án þess að þau tengist endilega tiltekinni landfræðilegri merkingu.

Aðildarríkjunum, sem eru framleiðsluríki, er heimilt að samþykkja strangari reglur um notkun þessara heita fyrir vín framleidd á yfirráðasvæði þeirra.

Framkvæmdastjórnin skal birta heiti þeirra landfræðilegu eininga sem henni er tilkynnt um samkvæmt fyrstu undirgrein, í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagana*.

III. KAFLI

SÉRREGLUR UM GÆÐAVÍN F.T.H.

29. gr.

Hefðbundin sérheiti

1. Með fyrirvara um frekari heiti sem heimiluð eru í landslögum skulu sérstakar hefðbundnar upplýsingar, sem um getur í fjórða undirlið í c-lið 2. liðar A-þáttar VII. viðauka við

reglugerð (EB) nr. 1493/1999, vera eftirfarandi, að því tilskildu að ákvæði Bandalagsins og ákvæði landslaga um viðkomandi vín séu uppfyllt:

a) fyrir Belgíu:

- „gecontroleerde oorsprongsbenaming“
- „appellation d'origine contrôlée“,

b) fyrir Þýskaland:

(ásamt upplýsingum um uppruna vínsins):

- „Qualitätswein“, „Qualitätswein garantierten Ursprungs“
- „Qualitätswein mit Prädikat“ og eitt af eftirfarandi heitum „Kabinett“, „Spätlese“, „Auslese“, „Beerenauslese“, „Trockenbeerenauslese“ eða „Eiswein“,

c) fyrir Grikkland:

- „Ονομασία προελεύσεως ελεγχόμενη“ („ΟΠΕ“) (*appellation d'origine contrôlée*)
- „Ονομασία προελεύσεως ανωτέρας ποιότητας“ („ΟΠΑΠ“) (*appellation d'origine de qualité supérieure*)

Ef heiti bújarðar eða vínviðaryrkis eða tegundarheiti kemur fram á merkimiðanum skal, engu að síður, endurtaka heiti tilgreinds héraðs á milli orðanna „Ονομασία προελεύσεως“ og „Ελεγχόμενη“ eða milli orðanna „Ονομασία προελεύσεως“ og „Ανωτέρας Ποιότητας“, allt með bókstöfum af sömu gerð, stærð og lit,

- „Οίνος γλυκός φυσικός“ (*vin doux naturel*)
- „Οίνος φυσικώς γλυκός“ (*vin naturellement doux*),

d) fyrir Spán:

- „Denominación de origen“, „Denominación de origen calificada“, „D.O.“, „D.O.Ca“

Þessi heiti verða þó að koma fram á merkimiðanum næst fyrir neðan heiti tilgreinds héraðs,

- „vino generoso“, „vino generoso de licor“, „vino dulce natural“,

e) fyrir Frakkland:

- „appellation d'origine contrôlée“, „appellation contrôlée“

ef heiti bújarðar eða vínviðaryrkis eða tegundarheiti kemur fram á merkimiðanum skal, engu að síður, endurtaka heiti

tilgreinds héraðs á milli orðanna „appellation“ og „contrôlée“, allt með bókstöfum af sömu gerð, stærð og lit,

- „appellation d'origine vin délimité de qualité supérieure“, „vin doux naturel“

aðeins er heimilt að birta þessi heiti sem upphafsstafaorð ef á eftir kemur kennimerki (logo) sem Frakkland hefur skilgreint fyrir hvern af þessum flokkum,

f) fyrir Ítalíu:

- „Denominazione di origine controllata“, „Denominazione di origine controllata e garantita“, „vino dolce naturale“, „D.O.C“, „D.O.C.G.“

heimilt er að birta orðin „Kontrollierte Ursprungsbezeichnung“ á merkimiðum D.O.C. vína sem framleidd eru í sýslunni Bolzano og orðin „Kontrollierte und garantierte Ursprungsbezeichnung“ á merkimiðum D.O.C.G. vína sem framleidd eru í sýslunni Bolzano,

g) fyrir Lúxemborg:

- „Marque nationale“ og á eftir fylgir „Appellation contrôlée“ eða „Appellation d'origine contrôlée“ ásamt heiti tilgreinds héraðs „Moselle luxembourgeoise“, „A.O.C.“

þó er heimilt að orðin „marque nationale“ birtist á viðbótarmerkimiða,

- „vendange tardive“, „vin de paille“ og „vin de glace“ ásamt heiti tilgreinds héraðs „Moselle luxembourgeoise“ — Appellation contrôlée“.

h) fyrir Austurríki:

heitin ásamt upplýsingum um uppruna vínsins:

- „Qualitätswein mit staatlicher Prüfnummer“
- „Qualitätswein“
- „Kabinett“ eða „Kabinettwein“
- „Qualitätswein besonderer Reife und Lesart“ eða „Prädikatswein“
- „Spätlese“ eða „Spätlesewein“
- „Auslese“ eða „Auslesewein“
- „Beerenauslese“ eða „Beerenauslesewein“
- „Ausbruch“ eða „Ausbruchwein“
- „Trockenbeerenauslese“ eða „Trockenbeerenauslesewein“
- „Eiswein“

— „Strohwein“

— „Schilfwein“

— „Districtus Austria Controllatus“ eða „DAC“,

i) fyrir Portúgal:

— „Denominação de origem“, „Denominação de origem controlada“, „Indicação de proveniência regulamentada“, „vinho generoso“, „vinho doce natural“, „D.O.“, „D.O.C.“ og „I.P.R.“.

Heimilt er að nota heitið „região demarcada“ í tengslum við heitið „denominação de origem controlada“,

j) fyrir Breska konungsríkið:

— „English vineyard quality wine psr“ og „Welsh vineyard quality wine psr“.

2. Hefðbundnu sérheitin, sem um getur í öðrum undirlið í c-lið 2. liðar D-þáttar VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, sem nota á sem vörumerkingar fyrir gæðafreyðivín f.t.h. eru:

a) fyrir Þýskaland:

— „Qualitätsschaumwein garantierten Ursprungs“,

b) fyrir Grikkland:

— „Ονομασία προελεύσεως ελεγχόμενη“ („ΟΠΕ“) (*appellation d'origine contrôlée*)

— „Ονομασία προελευσεως ανωτέρας ποιότητας“ („ΟΠΑΠ“) (*appellation d'origine de qualité supérieure*)

ef heiti bújarðar eða vínviðaryrkis eða tegundarheiti kemur fram á merkimiðanum skal, engu að síður, endurtaka heiti tilgreinds héraðs á milli orðanna „Ονομασία προελεύσεως“ og „ελεγχόμενη“ eða milli orðanna „Ονομασία προελεύσεως“ og „ανωτέρας ποιότητας“ allt með bókstöfum af sömu gerð, stærð og lit,

c) fyrir Spán:

— „Denominación de origen“ og „Denominación de origen calificada“, „D.O.“ og „D.O.Ca“

Þessi heiti verða þó að koma fram á merkimiðanum næst fyrir neðan heiti tilgreinds héraðs,

d) fyrir Frakkland:

— „appellation d'origine contrôlée“

— „appellation contrôlée“

ef heiti bújarðar eða vínviðaryrkis eða tegundarheiti kemur fram á merkimiða sem á stendur heitið „appellation contrôlée“, skal, engu að síður, endurtaka heiti tilgreinds héraðs á milli orðanna „appellation“ og „contrôlée“ allt með bókstöfum af sömu gerð, stærð og lit,

— „appellation d'origine vin délimité de qualité supérieure“

aðeins er heimilt að þessi heiti komi fram sem upphafsstafaorð ef á eftir kemur kenningarmerki sem Frakkland hefur skilgreint fyrir hvern af þessum flokkum,

e) fyrir Ítalíu:

— „Denominazione di origine controllata“, „Denominazione di origine controllata e garantita“, „D.O.C.“ og „D.O.C.G.“

heimilt er að orðin „Kontrollierte Ursprungsbezeichnung“ komi fram á merkimiðum D.O.C. vína sem framleidd eru í sýslunni Bolzano og orðin „Kontrollierte und garantierte Ursprungsbezeichnung“ á merkimiðum D.O.C.G. vína sem framleidd eru í sýslunni Bolzano,

f) fyrir Lúxemborg:

— „Marque nationale“ og á eftir fylgir „Appellation contrôlée“ eða „Appellation d'origine contrôlée“ ásamt heiti tilgreinds héraðs „Moselle luxembourgeoise“ og „A.O.“

þó er heimilt að orðin „marque nationale“ komi fram á viðbótarkerkið,

g) fyrir Portúgal:

— „Denominação de origem“, „Denominação de origem controlada“, „Indicação de proveniência regulamentada“, „D.O.“, „D.O.C.“ og „I.P.R.“.

30. gr.

Undanþágur frá skyldunotkun á hefðbundnum sérheitum

Þrátt fyrir annan undirlið í c-lið 2. liðar A-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 er heimilt að markaðssetja vín sem, samkvæmt gildandi ákvæðum Bandalagsins og landsbundnum ákvæðum, bera eitt af eftirfarandi heitum tilgreindra héraða, eingöngu með því vöruheiti:

a) fyrir Grikkland:

— „Σάμος“ („Samos“),

- b) fyrir Spán:
- „Cava“
 - „Jerez“, „Xérés“ eða „Sherry“
 - „Manzanilla“,
- c) fyrir Frakkland:
- „Champagne“,
- d) fyrir Ítalíu:
- „Asti“
 - „Marsala“
 - „Franciacorta“,
- e) fyrir Portúgal:
- „Madeira“ eða „Madère“
 - „Porto“ eða „Port“.

31. gr.

Landfræðilegar einingar sem eru minni en tilgreint hérað

1. Í lýsingu á gæðavini f.t.h. á merkimiðanum í samræmi við fyrsta undirlíð í c-lið 1. liðar B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 er litið svo á að heiti „landfræðilegrar einingar sem er minni en tilgreint hérað“, teljist vera heiti:

- a) lítils staðar eða einingar sem nær yfir fleiri slíka staði,
- b) staðbundins stjórnsýslusvæðis eða hluta þess,
- c) undirhéraðs vínrektarsvæðis eða hluta þess.

2. Aðildarríki, sem er framleiðsluríki, er heimilt að úthluta heiti landfræðilegrar einingar sem er minni en umrætt tilgreint hérað fyrir gæðavin f.t.h. að því tilskildu að:

- a) landfræðilega einingin sé vel skilgreind,
- b) allar þrúgurnar sem vínið er framleitt úr séu upprunnar í þeirri einingu.

3. Þegar gæðavin f.t.h. er fengið úr þrúguafurðum, sem tíndar eru á öðrum landfræðilegum einingum, eins og um getur í 1. mgr., sem staðsettar eru innan sama tilgreinda héraðs, eru einu upplýsingarnar sem leyfðar eru til viðbótar við heiti tilgreinds héraðs heiti stærri landfræðilegu einingarinnar sem nær yfir viðkomandi vínframleiðslusvæði.

Þó er aðildarríki, sem er framleiðsluríki, heimilt, með fyrirvara um 20. gr., að leyfa, að því er varðar heiti á gæðafreyðivínnum f.t.h., notkun á:

- a) heiti landfræðilegrar einingar, eins og um getur í 1. mgr., ef vínið hefur verið sætt með afurð frá sama tilgreinda svæði, annarri en hreinsuðu þrúgumustsþykkni,

- b) heiti landfræðilegrar einingar, eins og um getur í 1. mgr., ef vínið er fengið úr blöndu þrúgna, þrúgumusts, nýrra vína sem enn eru í gerjun eða, fram til 31. ágúst 2003, vína sem upprunnin eru á landfræðilegu einingunni sem heitið verður dregið af, ásamt afurð sem fengin er í sama tilgreinda héraði, en utan téðrar einingar, að því tilskildu að a.m.k. 85% viðkomandi gæðavíns f.t.h. sé fengið úr þrúgum sem tíndar eru á þeirri landfræðilegu einingu sem það er kennt við og svo fremi að, með tilliti til undanþágunnar sem fellur úr gildi 31. ágúst 2003, gert hafi verið ráð fyrir slíku fyrirkomulagi í ákvæðum viðkomandi aðildarríkis, sem er framleiðsluríki, fyrir 1. september 1995,

- c) heiti landfræðilegrar einingar, eins og um getur í 1. mgr., ásamt heiti staðbundins stjórnsýslusvæðis eða hluta þess eða heiti á einu af staðbundnu stjórnsýslusvæðunum sem landfræðilega einingin nær yfir, að því tilskildu:

- i. að slíkt fyrirkomulag hafi verið hefðbundið og venjubundið og heimilað í ákvæðum hlutaðeigandi aðildarríkis fyrir 1. september 1976 og

- ii. að heiti staðbundins stjórnsýslusvæðis eða hluta þess eða eitt heiti slíkra svæða, sem koma fram í skrá sem tekin verður saman, sé notað sem dæmigert fyrir öll staðbundin stjórnsýslusvæði sem svæði landfræðilegu einingarinnar nær yfir.

Aðildarríki, sem eru framleiðsluríki, skulu halda skrá yfir tegundir viðkomandi landfræðilegra eininga og heiti þeirra tilgreindu héraða, sem þessar landfræðilegu einingar tilheyra, sbr. undanþáguna sem kveðið er á um í b-lið og beita má til 31. ágúst 2003. Skrána skal senda til framkvæmdastjórnarinnar.

Aðildarríki, sem eru framleiðsluríki, skulu halda skrá yfir staðbundin stjórnsýslusvæði, eins og um getur í ii. lið c-liðar hér að framan, og senda hana til framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skrárnar séu birtar.

- 4. Ekki má nota heiti tilgreinds héraðs og heiti landfræðilegrar einingar, eins og um getur í 1. mgr., yfir:

— vín sem fæst með blöndun á gæðafreyðivíni f.t.h. og afurðar sem er fengin utan viðkomandi tilgreinds héraðs,

V. BÁLKUR

REGLUR SEM GILDA UM INNFLUTTAR VÖRUR

— gæðafreyðivín f.t.h. sem hefur verið sætt með afurð sem er fengin utan viðkomandi tilgreinds héraðs.

34. gr.

Almennar reglur

Fyrsta undirgrein gildir ekki um vín í skránni sem tekin verður saman skv. 2. lið D-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999.

32. gr.

Landfræðilegar einingar sem eru stærri en tilgreint hérað

Þegar aðildarríkin gera, samkvæmt öðrum undirlið í c-lið 1. liðar B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, skrá yfir landfræðilegar einingar sem eru stærri en tilgreint hérað fyrir vín, sem eru framleidd á þeirra yfirráðsvæði, skulu þau tilgreina skilyrði fyrir notkun heita þeirra og tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanir sem þau hafa gert. Framkvæmdastjórnin skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ráðstafanirnar séu birtar.

33. gr.

Átöppun í tilgreindu héraði

1. Samkvæmt þriðja undirlið í c-lið 1. liðar B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 skulu aðildarríkin tilgreina, að því er varðar vín framleidd á þeirra yfirráðsvæði, orðalag sem gefur til kynna að víni hafi verið átappað í tilgreindu héraði og skal tilgreina skilyrði varðandi notkun þess.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem þau hafa gert til að koma 1. mgr. til framkvæmdar. Framkvæmdastjórnin skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ráðstafanirnar séu birtar.

3. Aðeins er heimilt að nota orðalag, eins og um getur í 1. mgr., ef átöppun hefur farið fram í hlutaðeigandi tilgreindu héraði eða hjá fyrirtækjum sem staðsett eru í næsta nágranni við það hérað í skilningi 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1607/2000 ⁽¹⁾.

1. Samkvæmt 2. lið B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 er heimilt að bæta eftirfarandi við merkingar á vínnum, upprunnum í þriðju löndum, að undanskildum freyðivínnum og loftblönduðum freyðivínnum og vörum í II. bálki framleiddum í þriðju löndum:

- nafni, heimilisfangi og starfsheiti eins eða fleiri aðila sem taka þátt í markaðssetningu, að því tilskildu að notkunarskilyrði séu reglufest í hlutaðeigandi þriðja landi,
- vörutegund; ákvæði 16. gr. gildir að breyttu breytanda,
- tilteknum lit, að því tilskildu að notkunarskilyrði séu reglufest í hlutaðeigandi þriðja landi.

Þegar um er að ræða líkjörvín, hálfreyðandi vín, loftblönduð hálfreyðandi vín og vörur í II. bálki, sem eru framleiddar í þriðju löndum, er heimilt að nota upplýsingar sem fram koma í b-lið fyrstu undirgreinar, að því tilskildu að notkunarskilyrði séu reglufest í hlutaðeigandi þriðja landi.

2. Ákvæði 1. mgr., fyrsta og önnur undirgrein 2. mgr., fyrsta undirgrein 3. mgr. og 4. mgr. 15. gr. þessarar reglugerðar gilda, að breyttu breytanda, að því er varðar upplýsingarnar, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., og upplýsingarnar um innflytjanda eða, ef átöppun á sér stað í Bandalaginu, um átappara sem um getur í b-lið 3. liðar A-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999.

Þegar um er að ræða vörur frá þriðju löndum án landfræðilegra merkinga skal heiti staðbundins stjórnsýslusvæðis þar sem aðalskrifstofur þess eða þeirra aðila, sem um getur í fyrstu undirgrein, eru staðsettar koma fram á merkimiðanum með letri sem er í mesta lagi helmingur af þeirri stærð sem notuð er fyrir orðið „vín“ og heiti þriðja landsins fylgja þar á eftir.

Þegar um er að vörur frá þriðju löndum með landfræðilegar merkingar skal heiti staðbundins stjórnsýslusvæðis þar sem aðalskrifstofur þess eða þeirra aðila, sem um getur í fyrstu undirgrein, eru staðsettar koma fram á merkimiðanum með letri sem er í mesta lagi helmingur af þeirri stærð sem notuð er fyrir landfræðilegu merkinguna.

Önnur og þriðja undirgrein gilda ekki í þeim tilvikum þar sem staðbundna stjórnsýslusvæðið eða hluti þess er tilgreint með kóða eins og um getur í E-þætti VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 185, 25.7.2000, bls. 17.

35. gr.

Heiti þriðju lands

Bæta skal eftirfarandi við heiti upprunals, eins og um getur í d-lið 2.-liðar A-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999:

- a) að því er varðar vín sem eru framleidd með blöndun í þriðja landi á vínnum sem eru upprunnin í tveimur eða fleiri þriðju löndum, orðunum „blanda úr vínnum frá mismunandi löndum utan Evrópubandalagsins“ eða „blanda úr vínnum frá ...“ og tilgreina heiti viðkomandi þriðju lands, eða
- b) að því er varðar vín, sem framleidd eru í þriðja landi úr þrúgum sem fengnar eru frá öðru þriðja landi, orðunum „vín fengið í ... úr þrúgum tíndum í ...“ og tilgreina heiti viðkomandi þriðju lands.

36. gr.

Innflutt vín með landfræðilegum merkingum

1. Í merkingum á innfluttu víni, þ.m.t. vín úr ofproskuðum þrúgum eða þrúgumusti í gerjun ætlað beint til neyslu, frá þriðja landi sem á aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, er heimilt að hafa heiti landsvæðis, eins og um getur í d-lið 2. liðar A-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, að því tilskildu að það þjóni þeim tilgangi að gefa til kynna að vín sé upprunið á yfirráðasvæði þriðja lands eða í héraði eða á stað í þessu þriðja landi, ef rekja má tiltekin gæði, orðspor eða önnur einkenni vinsins í meginatriðum til þessa landfræðilega uppruna.

Þó er heimilt, að því er varðar upplýsingar sem eru notaðar í undantekningartilvikum til að tilgreina að vín sé upprunið á yfirráðasvæði þriðja lands í heild, að nota þær upplýsingar, sem um getur í IV. viðauka við þessa reglugerð, við merkingar á innfluttum vínnum.

2. Ef vara, eins og um getur í 1. mgr., kemur frá þriðja landi sem ekki er aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, verður til viðbótar við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þeirri málsgrein einnig að uppfylla eftirfarandi frekari skilyrði:

- a) landfræðilega merkingin, sem um er að ræða, skal vísa til vel skilgreinds framleiðslusvæðis sem er minna en allt vínræktarsvæði hlutaðeigandi þriðja lands,
- b) þrúgurnar, sem notaðar voru í afurðina, skulu upprunnar á þeirri landfræðilegu einingu,

c) þrúgur, sem notaðar eru í vín sem uppfylla dæmigerðar gæðaviðmiðanir, skulu tíndar á þeirri landfræðilegu einingu og

d) upplýsingarnar skulu notaðar til að auðkenna vínið á heimamarkaði hlutaðeigandi þriðja lands og skal slík notkun tilgreind í löggjöf landsins.

Hlutaðeigandi þriðja land skal senda löggiöf sína til framkvæmdastjórnarinnar. Séu þessi skilyrði uppfyllt skal heiti þriðja landsins tekið upp í skrána í V. viðauka við þessa reglugerð.

3. Landfræðilegar merkingar, eins og um getur í 1. og 2. mgr., mega ekki orsaka rugling við landfræðilegar merkingar sem notaðar eru til að auðkenna gæðavín f.t.h., borðvín eða önnur innflutt vín sem er að finna í skránni í samningnum sem Bandalagið og þriðju lönd hafa gert.

Þó er heimilt að nota sumar landfræðilegar merkingar þriðju lands, eins og um getur í fyrstu undirgrein, sem eru samhljóða landfræðilegum merkingum gæðavína f.t.h., borðvína eða innfluttra vína með fyrirvara um að notkunaraðstæður aðgreini þau hvert frá öðru þannig að tryggja megi að hlutaðeigandi framleiðendur njóti sanngjarnrar meðferðar og að ekki sé villt um fyrir neytendum.

Á sama hátt er heimilt að nota sum heiti þriðju lands, sem tilgreina að vín sé upprunið í héraði eða á stað í hlutaðeigandi þriðja landi, ef rekja má tiltekin gæði, orðspor eða önnur einkenni vins, sem er lýst með þessum heitum, í meginatriðum til þessa landfræðilega uppruna og ef þau eru samhljóða hefðbundnum heitum, sem um getur í B-þætti III. viðauka, með fyrirvara um að notkunaraðstæður aðgreini þau hvert frá öðru þannig að tryggja megi að hlutaðeigandi framleiðendur njóti sanngjarnrar meðferðar og að ekki sé villt um fyrir neytendum.

Þessar upplýsingar, heiti og notkunaraðstæður skulu vera eins og mælt er fyrir um í VI. viðauka.

4. Ekki er heimilt að nota landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., ef þau gefa almenningi villandi hugmynd um að vörurnar séu upprunnar á öðru yfirráðasvæði þrátt fyrir að þau séu rétt á því yfirráðasvæði, héraði eða svæði þar sem vörurnar eru upprunnar.

5. Heimilt er að auðkenna innflutt vín frá Bandaríkjum Norður-Ameríku með heiti ríkis ásamt, þar sem við á, heiti sýslu eða vínræktarhéraðs jafnvel þótt aðeins 75% af umræddu víni sé framleitt úr þrúgum, tíndum í því ríki eða þeirri einu

sýslu sem það dregur nafn sitt af, að því tilskildu að vénið sé framleitt eingöngu úr þrúgum sem tíndar eru í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Þó gildir fyrsta undirgrein aðeins fram að gildistöku samnings, sem leiðir af samningaviðræðum við Bandaríki Norður-Ameríku sem miða að því að ná samningi um viðskipti með vín og vínfræðilegar vinnsluaðferðir og einkum verndun landfræðilegra merkinga, og aldrei lengur en til 31. desember 2003.

37. gr.

Aðrar upplýsingar sem heimilt er að taka fram á merkimiðum innfluttra vína með landfræðilegum merkingum

1. Heimilt er, að því er varðar 2. lið B-páttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, að bæta eftirfarandi við á merkimiða á vín, upprunnin í þriðju löndum (að undanskildum freyðivínum og loftblönduðum freyðivínum en að meðtöldum. vínum úr ofþroskuðum þrúgum) og þrúgumust í gerjun, framleitt í þriðju löndum til beinnar neyslu, með landfræðilegum merkingum í samræmi við 36. gr.:

- a) árgangi; þetta er heimilt að því tilskildu að notkunarskilyrði séu reglufest í hlutaðeigandi þriðja landi og a.m.k. 85% af þrúgunum, sem notaðar eru til framleiðslu á víninu, séu tíndar á umræddu ári, að undanskildu því afurðamagni sem notað er til sætunar,
- b) heiti eins eða fleiri vínviðaryrkja; heimilt er að nota þessi yrkisheiti að því tilskildu:
 - i. að notkunarskilyrði séu reglufest í hlutaðeigandi þriðja landi,
 - ii. að yrkisheitin og samheiti þeirra séu í samræmi við a-, b- og c-lið 3. mgr. 20. gr. í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1227/2000 ⁽¹⁾ og
 - iii. að kröfurnar í c-, d-, e- og f-lið 1. mgr. 19. gr. í þessari reglugerð séu uppfylltar; 2. mgr. 19. gr. gildir, að breyttu breytanda,
- c) upplýsingum um verðlaun, viðurkenningar og sigra í keppnum; 21. gr. gildir, að breyttu breytanda,
- d) upplýsingum um framleiðsluaðferð, að því tilskildu að notkunarskilyrði séu reglufest í hlutaðeigandi þriðja landi,

- e) þegar um er að ræða vín frá þriðju löndum og þrúgumust í gerjun, sem er framleitt í þriðju löndum til beinnar neyslu, hefðbundnum heitum öðrum en þeim sem skráð eru í III. viðauka í samræmi við löggjöf hlutaðeigandi þriðja lands og frekari hefðbundnum heitum sem skráð eru í III. viðauka, að því tilskildu að notkunarskilyrði séu reglufest í hlutaðeigandi þriðja landi í samræmi við 23. og 24. gr.,
- f) heiti fyrirtækis, að því tilskildu að notkunarskilyrði séu reglufest í hlutaðeigandi þriðja landi; 1. mgr. 25. gr. gildir, að breyttu breytanda,
- g) upplýsingum um að átöppun vörunnar hafi farið fram:
 - i. annaðhvort á bújörð framleiðanda, af framleiðsluhópi, eða hjá fyrirtæki í framleiðsluhéraðinu,
 - ii. í framleiðsluhéraðinu, að því tilskildu að átöppun hafi farið fram í hlutaðeigandi framleiðsluhéraði eða í fyrirtæki sem staðsett er í næsta nágrenni við það hérað enda séu notkunarskilyrði reglufest í hlutaðeigandi þriðja landi.

2. Heimilt er að nota upplýsingarnar, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., á sama tíma að því tilskildu að a.m.k. 85% afurða í blöndunni komi frá því vínviðaryrki og þeim árgangi sem notuð eru til að bera kennsl á umrædda vöru, að undanskildu því afurðamagni sem er notað til sætunar.

3. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. er heimilt að nota yrkisheiti fyrir vín sem eru flutt inn frá Bandaríkjum Norður-Ameríku, jafnvel þótt aðeins 75% af umræddu víni hafi verið framleitt úr þrúgum af því yrki sem það dregur nafn sitt af, að því tilskildu að þetta yrki ákvarði einkenni umrædds víns.

Þó gildir þessi undanþága aðeins fram að gildistöku samnings, sem leiðir af samningsviðræðum við Bandaríki Norður-Ameríku sem miða að því að ná samningi um viðskipti með vín og vínfræðilegar vinnsluaðferðir og einkum verndun landfræðilegra merkinga, og aldrei lengur en til 31. desember 2003.

VI. BÁLKUR

REGLUR UM LÍKJÖRVÍN, HÁLFFREYÐANDI VÍN OG LOFTBLÖNDUÐ HÁLFFREYÐANDI VÍN

38. gr.

Lögboðnar upplýsingar

1. Á merkimiðum líkjörvína, hálfreyðandi vína og loftblandaðra hálfreyðandi vína skal, að því er varðar 4. lið A-páttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, koma fram, til viðbótar við lögboðnar upplýsingar sem um getur í 1. lið A-páttar þess viðauka:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 143, 16.6.2000, bls. 1.

- a) nafn eða firmanafn, staðbundið stjórnsýslusvæði og aðildarríki átappara eða, að því er varðar ílát með meira en 60 lítra nafnrúmmál, sendandi; þegar um er að ræða hálfreyðandi vín er heimilt að setja nafn vínframleiðanda í stað nafns átappara,
- b) þegar um er að ræða innflutt vín, nafn innflytjanda eða, þegar átöppun hefur farið fram í Bandalaginu, nafn átappara.

Varðandi upplýsingarnar, sem settar eru fram í fyrstu undirgrein, gildir 15. gr., að breyttu breytanda, um vörur sem eru framleiddar í Bandalaginu og a-liður 1. mgr. 34. gr. gildir, að breyttu breytanda, um vörur sem framleiddar eru í þriðju löndum.

2. Heitið „loftblandað hálfreyðandi vín“, eins og um getur í g-lið 2. liðar A-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, skal koma fram á merkimiðanum sem inniheldur þær lögboðnu upplýsingar sem sett er fram krafa um í þeim viðauka. Við það skal bætt, með stöfum af sömu gerð og stærð, orðunum „koltvísýringi bætt í vöruna“ sé það ekki ljóst út frá heitinu sjálfu að koltvísýringi hafi verið bætt við.

Allt hér að framan skal vera í sömu línu og vörumerking eða í línunni næst fyrir neðan.

3. Heimilt er að líkjörvín og hálfreyðandi vín, sem framleidd eru í Bandalaginu, beri að því er varðar 4. lið A-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, landfræðilegar merkingar. Í slíkum tilvikum skal vöruheitið samanstanda af:

- a) heitinu „líkjörvín“ eða „hálfreyðandi vín“,
- b) heiti landfræðilegrar einingar,
- c) hefðbundnu sérheiti; ef vöruheitið er innifalið í heitinu þarf ekki að endurtaka vöruheitið.

Aðildarríkin skulu tilgreina hefðbundin sérheiti sem á að nota fyrir vín sem framleidd eru á þeirra yfirráðasvæði.

Ákvæði 51. gr. í reglugerð (EB) nr. 1493/1999, 28. gr. þessarar reglugerðar og ákvæðin í reglugerð (EB) nr. 1493/1999 og þessari reglugerð, er varða verndun á heitum borðvína með landfræðilegum merkingum, gilda, að breyttu breytanda, um líkjörvín með landfræðilegum merkingum og hálfreyðandi vín með landfræðilegum merkingum.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem þau hafa gert til að koma 3. mgr. til

framkvæmdar. Framkvæmdastjórnin skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ráðstafanirnar séu birtar.

5. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um gæðalíkjörvín f.t.h. og hálfreyðandi gæðavín f.t.h. sem falla undir III. bálk.

39. gr.

Valkvæðar upplýsingar

1. Heimilt er að bæta eftirfarandi við, að því er varðar 2. lið B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, á merkimiða á líkjörvínnum, hálfreyðandi vínnum og loftblönduðum hálfreyðandi vínnum sem eru upprunnin í Bandalaginu:

- a) nafni, heimilisfangi og starfsheiti eins eða fleiri aðila sem eiga þátt í markaðssetningu; 15. gr. gildir, að breyttu breytanda,
- b) vörutegund, samkvæmt reglum aðildarríkis sem er framleiðsluríki,
- c) tilteknum lit, samkvæmt reglum aðildarríkis sem er framleiðsluríki; 17. gr. gildir, að breyttu breytanda.

2. Heimilt er að bæta eftirfarandi við, að því er varðar 2. lið B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, á merkimiða á líkjörvínnum með landfræðilegum merkingum og hálfreyðandi vínnum með landfræðilegum merkingum sem eru upprunnin í Bandalaginu:

- a) vínárgangi; 18. og 20. gr. þessarar reglugerðar gilda, að breyttu breytanda,
- b) heiti eins eða fleiri vínviðaryrkja; 19. og 20. gr. gilda, að breyttu breytanda,
- c) upplýsingum um verðlaun, viðurkenningar og sigra í keppnum; 21. gr. gildir, að breyttu breytanda,
- d) upplýsingum um framleiðsluaðferð; 22. gr. gildir, að breyttu breytanda,
- e) frekari hefðbundnum heitum; 23. og 24. gr. gilda, að breyttu breytanda,
- f) heiti fyrirtækis; 25. gr. gildir, að breyttu breytanda,

g) upplýsingum um að framleiðsluhópur eða fyrirtæki á framleiðsluvæðinu hafi annast átöppun vörunnar á bújörð framleiðanda; 26. gr. gildir, að breyttu breytanda.

neyslu. Þessi skilgreining skal einnig gilda um hópa slíkra einstaklinga eða lögaðila.

3. Ákvæði 1. mgr., að undanskildum b-lið, og 2. mgr. gilda ekki um gæðalíkjörvín f.t.h. og hálfreyðandi gæðavín f.t.h. sem falla undir IV. bálk.

2. Fyrsta undirgrein 1. mgr. 15. gr. gildir, að breyttu breytanda, um upplýsingarnar sem um getur í 2. lið B-þáttar VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999.

40. gr.

43. gr.

Skilyrði fyrir notkun á heitunum „líkjörvín“, „hálfreyðandi vín“ og „loftblönduð hálfreyðandi vín“ um vín frá þriðju löndum

Upplýsingar um landfræðilegar einingar aðrar en tilgreint hérað

Þrátt fyrir 3. lið C-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 er heimilt að vín frá þriðju löndum beri heitin „líkjörvín“, „hálfreyðandi vín“ og „loftblönduð hálfreyðandi vín“ ef þau uppfylla kröfumnar sem settar eru fram í d-, g- og h-lið, eftir því sem við á, í XI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 883/2001 ⁽¹⁾.

Heiti landfræðilegra eininga (annarra en tilgreindra héraða) sem eru minni en aðildarríki og heimilt er að geta á merkimiða gæðafreyðivína, sem upprunnin eru í Bandalaginu í samræmi við annan undirlið 1. liðar E-þáttar VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, skulu vera þau sem talin eru upp í VII. viðauka við þessa reglugerð.

VII. BÁLKUR

44. gr.

REGLUR UM FREYÐIVÍN OG LOFTBLÖNDUÐ FREYÐIVÍN

Freyðivín upprunnin í þriðja landi

41. gr.

Loftblönduð freyðivín

Freyðivín sem upprunnin eru í þriðja landi, eins og um getur í þriðja undirlið 1. liðar E-þáttar VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, skulu vera þau sem talin eru upp í VIII. viðauka við þessa reglugerð.

Heitið „loftblönduð freyðivín“, eins og um getur í f-lið 2. liðar D-þáttar VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, skal koma fram á merkimiðanum sem inniheldur þær lögboðnu upplýsingar sem settar er fram í þeim viðauka. Við það skal bæta, með letri af sömu gerð og stærð, orðinu „koltvísýringbætt“ sé það ekki ljóst út frá heitinu sjálfu að koltvísýringi hafi verið bætt við.

45. gr.

Viðbótarákvæði

Allt hér að framan skal vera í sömu línu og vörumerking eða í næstu línu fyrir neðan.

1. Ákvæði 23. og 24. gr. gilda, að breyttu breytanda, um freyðivín.

42. gr.

2. Ákvæði 29. gr. (2. mgr.), 30. gr. og 31. gr. (4. mgr.) gilda, að breyttu breytanda, um gæðafreyðivín f.t.h..

Skilgreining á „seljanda“

1. Seljandinn, sem um getur í öðrum undirlið 2. liðar B-þáttar VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, telst vera hver sá einstaklingur eða lögaðili sem ekki fellur undir skilgreiningu á vínframleiðanda sem hefur í sinni eigu freyðivín eða loftblönduð freyðivín í þeim tilgangi að setja þau á markað til

Ákvæði 22. gr. gildir, að breyttu breytanda, að því er varðar annan undirlið 1. a-lið 12. liðar E-þáttar VIII. viðauka við reglugerð nr. 1493/1999, um gæðafreyðivín f.t.h..

3. Ákvæðin í III. og IV. bálki, að undanskildum þeim sem um getur í 1. og 2. mgr., gilda ekki um gæðafreyðivín f.t.h..

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 128, 10.5.2001, bls. 1.

46. gr.

„Pinot“ vínviðaryrki

Þegar um er að ræða gæðafreyðivín f.t.h. eða gæðafreyðivín er heimilt að setja samheitið „Pinot“ í staðinn fyrir yrkisheitin sem eru notuð sem viðbót við vörulýsingu, nánar tiltekið „Pinot blanc“, „Pinot noir“ eða „Pinot gris“ og jafngild heiti á öðrum tungumálum Bandalagsins.

VIII. BÁLKUR

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

47. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Heimilt er að geyma, með sölu í huga, setja í dreifingu og flytja út, þar til birgðir þrýtur, vörur sem falla undir þessa reglugerð, sem uppfylltu gildandi ákvæði að því er varðar lýsingu og framsetningu, þegar þær voru settar í dreifingu en samrýmast ekki lengur þessum ákvæðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

Heimilt er að nota merkimiða og neytendaumbúðir með upplýsingum sem eru prentaðar í samræmi við ákvæði sem gilda þegar þau voru sett í dreifingu en eru ekki lengur í samræmi við þessi ákvæði eftir gildistökudag þessarar reglugerðar, til 1. ágúst 2003.

2. Þrátt fyrir tiltekin ákvæði í reglugerð (EB) nr. 1493/1999 gilda eftirfarandi ákvæði eingöngu til 31. desember 2002:

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2002.

- a) ákvæði 2. og 7. mgr. 15. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 823/87 ⁽¹⁾,
- b) reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2392/89 ⁽²⁾,
- c) ákvæði 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3895/91 ⁽³⁾,
- d) ákvæði 8., 9. og 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2333/92 ⁽⁴⁾,
- e) ákvæði 72. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 822/87 ⁽⁵⁾.

48. gr.

Niðurfelling

- 1. Reglugerðir (EBE) nr. 3201/90, (EBE) nr. 3901/91 og (EB) nr. 554/95 eru hér með felldar úr gildi.
- 2. Reglugerðir (EB) nr. 881/98 og (EB) nr. 1608/2000 eru hér með felldar úr gildi.

49. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

